

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 145/2006**

**frá 8. desember 2006**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/2/EB frá 6. janúar 2006 um breytingu, að því er varðar aðlögun að tækniframförum, á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB um tilteknar aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur efnum <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/3/EB frá 9. janúar 2006 um breytingu, að því er varðar aðlögun að tækniframförum, á I. og II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/74/EB um textílheiti <sup>(3)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði XI. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 4a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB):  
„, eins og henni var breytt með:  
– **32006 L 0002**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/2/EB frá 6. janúar 2006 (Stjtið. ESB L 5, 10.1.2006, bls. 10).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 4b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/74/EBE):  
„– **32006 L 0003**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/3/EB frá 9. janúar 2006 (Stjtið. ESB L 5, 10.1.2006, bls. 14).“

*2. gr.*

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 38, 28.7.2005, bls. 26.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 5, 10.1.2006, bls. 10.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 5, 10.1.2006, bls. 14.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2006/2/EB og 2006/3/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. desember 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt l. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Oda Helen Sletnes***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.